



GARDAHLYNUR

INNGANGUR

Í þessu Frækorni er fjallað um fallega lauftrjátegund sem hefur verið ræktuð hér í meira en 100 ár og nefnist garðahlynur (*Acer pseudoplatanus L.*).

Í daglegu tali er garðahlynur almennt kallaður hlynur, líkt og ilmreynir er jafnan kallaður reynir og ilmbjörk er kölluð birki. Þetta er talsvert villandi, því til eru fjöldamargar tegundir innan hlynsættkvíslarinnar og því réttara að nota fullt nafn á viðkomandi tegund.

Garðahlynur er upprunninn í fjöllum mið- og suður-Evrópu, allt austur til Litlu-Asíu. Í Ölpunum vex hann til að mynda í allt að 1900 m hæð. Þaðan hefur hann dreifst mjög víða, allt norður til Troms í Noregi. Hann getur í heimkynnum sínum orðið 20-25 m hárr, þó svo að hærri tré þekkist. Hann er langlíf trjátegund og getur náð allt að 500 ára aldri. Króna hans er hvelfd og frekar breið, en getur orðið mjög umfangsmikil á frístandandi trjám.

Hingað til lands barst hann líklega fyrst á síðari hluta 19. aldar og er vitað að Þorvaldur Thoroddsen náttúrufræðingur gróðursetti garðahlyn við Laufásveg 5 árið 1888. Það tré stendur enn og er því elsti garðahlynur landsins og eitt af elstu trjám landsins. Í görðum hefur hann náð ágætum þroska og er nú víða afar svipmikill. Vitað er um 14 m há garðahlynstré hér á landi




Garðahlynur er svipmikið tré sem hefur vaxið áfallalaust á Íslandi í meira en 100 ár. Auka þarf notkun þessa fallega trés.




Garðahlynur þroskar fræ reglulega.

FJÖLGUN AF FRÆI

Flestir eiga að geta komið garðahlyn til upp af fræi. Fyrir áhugafólk má benda á handhæga aðferð til fjölgunar. Safna skal fræi af trjánum að hausti, helst þegar það er byrjað að fá á sig ljósbrúnleitan lit eða jafnvel að tína það upp af jörðinni. Fræið er geymt á köldum stað yfir veturinn, til dæmis úti við. Þegar kemur fram í mars er rétt að halda því röku og má úða það reglulega með vatni. Í apríl/maí byrjar fræið að spíra. Þegar kímrótin er byrjuð að vaxa út á að taka fræið og setja í pott, þannig að hún nái að vaxa niður. Plöntuna er síðan ágætt að forrækta inni í köldu gróðurhúsi, en láta svo út yfir sumarið. Vænlegast er að rækta plöntuna í 3-4 ár áður en hún er gróðursett á endanlegan stað og þá sem stálpuð planta.




Fræið er geymt á köldum, ekki of þurrum stað yfir háveturinn.



Fræið byrjar yfirleitt að spíra síðla vetrar.


Þegar fræið er komið af stað í spírun og kímrótin farin að vaxa, eru fræin sett i mold.



STUNGNAR UPP LITLAR PLÖNTUR

Garðahlynur þroskar reglulega fræ og er víða farinn að sá sér út. Algengt er að finna sjálfsánar plöntur í nágrenni eldri trjáa. Þær er upplagt að taka til frekari ræktunar.

Litlar garðahlynsplöntur er víða
að finna í nágrenni eldri trjáa.



Smáplönturnar má taka upp, gjarna snemma
sumars, til framhaldsræktunar.

Litlu plöntuna má setja í pott og rækta þannig fallega
garðahlynsplöntu til gróðursetningar á völdum stað.



RÆKTUN

Garðahlynur hefur nánast eingöngu verið notaður til garðræktar. Í skógrækt hefur hann lítið verið notaður. Ræktun hans hefur gengið best á sunnanverðu landinu. Langmest er af honum í eldri görðum á höfuðborgarsvæðinu. Notkun hans mætti auk mjög verulega í þéttbýli, ekki síst á opnum svæðum.

Garðahlynur er hitakræf trjátegund sem laugfost seitn að vori og stendur svo grænn langt fram eftir hausti. Mikill munur er þó milli einstakra trjáa hvað það varðar. Sérstaklega hvað varðar lauffall, en til eru tré sem hausta sig nánast alltaf, fá fallega gula haustliti, fella laufið og kala lítið, meðan önnur tré frjósá nánast alltaf græn og kala því reglulega. Nauðsynlegt er að gera vel við garðahlyn, velja honum særilega skjólgóðan stað, losa vel um jarðveginn og setja ríkulega af lífrænum áburði við gróðursetningu. Best reynsla hefur verið af því að gróðursetja særilega stálpaðar plöntur og er þá rétt að styðja þær með uppbindingu fyrstu árin. Eins er mikilvægt að hafa það í huga að garðahlynur er plássfrekur og þarf að geta breitt úr krónunni þegar hann eldist.

Brum garðahlyns eru það sem kallast gagnstæð. Því er mikil hætta á því að hann verði tví/margstofna ef endabrumið skemmisist í haustfrosti. Kali hann er því sjálfsagt að klippa hann til. Yfirleitt er það nauðsynleg forsenda þess að upp vaxi beinstofna tré með krónu sem breiðir sig reglulega út. Garðahlynur hefur verið nánast alveg laus við óværu.



ISSN 1605-5020



VIÐEY
PRENTSMÍÐJAN
Smiðjuvegur 18 (rauð gata)

Garðyrkja ehf

Helluhrauni 4 - 220 Hafnarfjörður

SUDURLANDSSKÓGAR



Höfundur: Jón Geir Pétursson. Teikningar: Aðalsteinn Sv. Siglússon. Prentvinnsla: Viðey ehf.
Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands, Skúlatún 6, 105 Reykjavík. www.skog.is